

Úthlutunarreglur Tálknafjarðarhrepps á byggðakvóta 2018/2019

1 RÖKSTUÐNINGUR.

Fallið verði frá vinnsluskyldu afla skv. úthlutuðum byggðakvóta, að því gefnu að allir útgerðaraðilar, sem fá úthlutaðan byggðakvóta, fallist á að greiða kr. 20.00 af hverju þorskkíló, sem landað er af úthlutuðum byggðakvóta. Þessir peningar fari í sérstakan sjóð, sem hugsaður er til uppbyggingar dvalarheimilis á Tálknafirði. Sveitarstjórn telur að með því að byggja upp dvalarheimili á staðnum sé stuðlað að því að fólk sem ekki getur lengur haldið heimili þurfi ekki að flytja burt úr sveitarfélaginu, annaðhvort til Reykjavíkur eða á sjúkrahúsið á Patreksfirði, sem er eina úrræðið á svæðinu. Ennfremur er augljóst að með þessu skapast fjölmörg störf sem gæti þýtt fjölgun í sveitarfélaginu. Með þessu telur sveitarstjórn að byggðakvótinn komi að notum fyrir alla íbúa, þ.e.a.s. samfélagið í heild.

Sömuleiðis leggur sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps til að handhöfum byggðakvóta sé gert skylt að landa honum í Tálknafjarðarhöfn og að hluti byggðakvótans sé skipt jafn milli allra báta en það er minni bátum til hagsbóta.

2 ÓSKIR TÁLKNAFJARÐARHREPPS UM BREYTINGAR

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur til eftirfarandi þrjár breytingar á úthlutunarreglum til byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2018/2019

2.1 SKIPTING BYGGÐAKVÓTANS

Í samræmi við 2.gr.reglugerðar 685/2018 óskar sveitarstjórn eftir breytingu á 4. grein og hún verði sem hér segir:

Skipting þess aflamarks sem nú kemur í hlut byggðalagsins, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkv. 2.-3. gr., eftir því sem við á þannig:

1. 30% af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal skipt jafnt á þá báta sem hafa landað afla sínum fiskveiðiárið 2017-2018 í Tálknafirði og hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og uppfylla 1.gr.reglugerðarinnar.
2. 70% af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks, sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal skipt í hlutfalli við landaðan afla til vinnslu innan byggðarlaga í Vestur-Barðastrandarsýslu á fiskveiðiárinu 2017-2018.

2.2 SKILYRÐI FYRIR AFNÁMI VINNSLUSKYLDU.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur til eftirfarandi breytingu á 6.gr. reglugerðar 685/2018:

Vinnsluskylda skv. 6. gr. reglugerðar nr. 685/2018 verði felld niður gegn því að allir útgerðaraðilar fallist á að borga kr.20.00 af hverju þorskkíló sem landað er af úthlutuðum byggðarkvóta til að byggja upp dvalarheimili í Tálknafirði sem komi að notum fyrir alla íbúa þ.e.a.s. samfélagið í heild. Náist ekki samkomulag um þessa leið verður ekki fallið frá vinnsluskyldu.

2.3 LÖNDUNARSKYLD A Í TÁLKNAFJARÐARHÖFN

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur til að ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta í Tálknafjarðarhöfn til vinnslu innan byggðarlaga í Vestur-Barðastrandarsýslu, á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Björgvin Smári Haraldsson

Guðni Jóhann Ólafsson

Nancy Rut Helgadóttir

Ingibjörg Jóna Nóadóttir